

Níunda þing ASÍ-UNG



22. september 2023

Fundargerð

Þingsetning:

Níunda þing ASÍ-UNG var haldið föstudaginn 22. september 2023 í Húsi fagfélaganna við Stórhöfða í Reykjavík.

Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður ASÍ-UNG, setti þingið klukkan 13 og bauð fulltrúa velkomna til starfa. Hann minnti á tilgang og markmið ASÍ-UNG og kvað helsta mál þingsins vera að setja ASÍ-UNG stefnu. Síðan lagði hann til við þingheim að Halldór Oddsson yrði skipaður fundarstjóri og Ásgeir Sverrisson ritari. Báðir starfa þeir á skrifstofu Alþýðusambandsins. Það var samþykkt.

Halldór fundarstjóri fór yfir form þingsins og reglur. Þvínæst bauð hann velkominn í ræðustól Ragnar Þór Ingólfsson, 1. varaforseta ASÍ.

Ávarp 1. varaforseta ASÍ:

Ragnar Þór hóf mál sitt á að óska ASÍ-UNG til hamingju með þennan vettvang sem ánægjulegt hefði verið að fylgjast með eflast og þroskast.

Ragnar sagði frá aðkomu sinni að verkalýðsmálum og fjallaði um lýðræðisvæðingu undanliðinna ára innan VR. Félagið hefði lengi verið lokaður klúbbur en horfið hefði verið frá þeirri stefnu m.a. með því að heimila óbreyttum félagsmönnum að bjóða sig fram til trúnaðarstarfa. Nú væri málum þannig háttað að kjörtímabil formanns væri tvö ár. Rætt hefði verið um að takmarka þann fjölda kjörtímabila sem æðstu embættismenn félagsins mætti sitja til að setja skorður við að sama fólk stýrði félaginu lengi. Rætt hefði verið um átta ára hámarkstíma. Þessi hugmynd hefði ekki náð fram að ganga og taldi Ragnar Þór það miður. Hann gat þess að þrátt fyrir að engar skorður hefðu verið settar hefði formannavelta verið talsverð innan félagsins frá því að reglum þess var breytt. Sagði Ragnar mjög mikilvægt að félagsfólk ætti óhindraðan og skilyrðislausan rétt til að lýsa yfir afstöðu sinni og traust eða vantraust í eftir atvikum í garð forystunnar.

Ragnar sagði frá viðleitni til að virkja hina ýmsu hópa til aukinnar þátttöku innan félagsins. Kvað hann það hafa skilað mjög góðum árangri hvað eldra félagsfólk varðaði. Starfandi væri mjög öflugt öldungráð innan VR. Ekki hefði gengið jafn vel að virkja ungt félagsfólk til starfa en stjórn VR hefði nýverið samþykkt að semja nýjar starfsreglur fyrir ungliðaráð félagsins sem hann kvaðst vongóður um að skila myndi árangri.

Ragnar Þór sagði starf ungliða innan verkalýðshreyfingarinnar mjög mikilvægt og tiltók sérstaklega að stærstu samfélagsmálin nú um stundir snertu ungt fólk og komandi kynslóðir sérstaklega. Nefndi hann í þessu viðfangi húsnæðismálin sem væru í algjörum ólestri í landinu, tilkomu gervigreindar og hagsmunamál á borð við styttingu vinnuviku og atvinnulýðræði.

Húsnæðismálin yrðu risastór málaflökkur í næstu kjarasamningum. Þau lægju augljóslega sérstaklega þung á ungu fólk í landinu. Lánamarkaður á Íslandi væri „snargalinn“ og bætti Ragnar Þór við að nýjustu vendingar í þeim málum sem lýstu sér í því að seðlabankinn væri tekinn að beina húsnæðis kaupendum á ný inn í verðtrygga lánaumhverfið væri það dapurlegasta sem hann hefði horft upp á árum saman.

Ragnar Þór ræddi spillingu í íslensku samfélagi og minnti á nýjasta dæmi hennar; samráðsmál Eimskips og Samskipa auk þess sem hann rifjaði upp sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Sífelld kæmu upp ný spillingarmál. Þörf væri á uppgjöri gagnvart getu- og aðgerðarleysi stjórnvalda, fjármálakerfinu, Seðlabankanum og atvinnulífinu sem sífelld næði að krafsa til sín stærri hlut kökunnar með því t.d. að hækka álagningu líkt og sannast hefði á undanförunum verðbólgu tímum þar sem öllum hækkunum væri varpað út í vöruverð og gott betur raunar. Síðan væri klifað á því að heimtufrekja launafólks væri helsta orsök dýrtíðinnar og því bæri að sýna hófsemd og sætta sig við sem því væri rétt til að tryggja „stöðugleikann“.

Ragnar Þór hvatti til uppgjors við hróplegt óréttlætið í samfélaginu ekki síst gagnvart ungu lágtekjufólki. Hann hvatti ungliða til að taka fullan þátt og sýna róttækni í baráttunni. Hvatti hann ungt fólk til fjöldafunda og -mótmæla. Áróðursstríð fjármagnsaflanna væri hafið líkt og venjulega í aðdraganda kjarasamninga og samtök launafólks þyrftu að svara því með því að tala gegn öllum sem stæðu vörð um sérhagsmuni.

Ragnar Þór lauk máli sínu með því að heita ASÍ-UNG áframhaldandi stuðningi og kvaðst vilja styrkja stöðu ungs fólks á vettvangi Alþýðusambandsins. Óskaði hann þingheimi farsældar í störfum sínum og hvatti til kraftmikillar samstöðu um þau verkefni sem framundan væru.

Skýrsla stjórnar:

Ástþór Jón Ragnheiðarson flutti skýrslu stjórnar og sagði frá verkefnum og viðburðum á vettvangi félagsins.

Nýliðar innan ASÍ :

Halldór fundarstjóri að þessi dagskrárliður yrði því miður að falla niður sökum veikinda. Bar hann upp við þingheim ósk um að dagskrárliðurinn yrði formlega felldur niður og gengið til þess næsta sem væri fyrri

umferð umræðna og í kjölfar hennar málefnavinna. Í hópum. Þetta samþykktu þingfulltrúar án athugasemda.

Umræða:

Halldór gerði grein fyrir fyrirkomulagi málefnavinnu sem fram færi í tveimur umræðum með hópavinnu þar á milli. Óskaði Halldór eftir því að breytingartillögur kæmu fram á milli umræðna og minnti á að allar tillögur þyrftu að vera skriflegar og studdar minnst fimm fulltrúum.

Ástþór Jón gerði grein fyrir drögum að stefnu ASÍ-UNG sem hann sagði hafa verið mótuð á fræðslu- og tengsladögum ASÍ-UNG. Samráð hefði því verið mikið og gott við gerð skjalsins. Ástþór vakti athygli á villu í drögunum er varðaði Íbúðafélagið Blævi og boðaði að hún yrði leiðrétt með breytingartillögu.

Þór Hinriksson frá Félagi íslenskra rafvirkja steig nú í pontu og kvaðst vilja gera athugasemdir við nokkur atriði í stefnudrögunum. Fyrst vék hann að kafla um húsnæðismál og tiltók eftirfarandi setningu:

„Að samtök leigjenda fái samningsstöðu gagnvart leigusölum, ekki ósvipað og kjarasamningsgerð er framkvæmd á milli launafólks og atvinnurekenda.“

Þór kvaðst andvígur þessari tillögu og taldi hana fela í sér útvistun á umboði sem með réttu ætti heima í höndum ASÍ.

Í menntamálum gagnrýndi Þór þá kröfu að aðgengi til framhaldsnáms á landsbyggðinni verði stóraukið. Spurði hann hvort ASÍ-UNG vildi enn stækka háskólabáknið og sagði yfirstjórn dýrasta hluta þess. Aðgengi að námi á landsbyggðinni hefði aldrei verið betra vegna þess fjarnáms sem skólar byðu nú upp á.

Í kafla um þróun Alþýðusambandsins sagðist Þór staldra við þá tillögu að skipting þingfulltrúa á þingi ASÍ eigi ekki að fara eftir greiddum iðgjöldum heldur fjölda félagsmanna. Taldi hann þessa tillögu vanhugsaða þar sem tekjur ASÍ myndu lækka því væntanlega yrði þá tekið upp það kerfi að félögin greiddu fast gjald fyrir hvern félagsmann til ASÍ. Þetta myndi raska rekstri skrifstofu.

Loks taldi Þór að hugmynd um aldurskvóta á þingi ASÍ fæli í sér mismunun. Reynsla Íslendinga af kvótakerfum væri ekki góð. Sagði hann nærtækara að hvetja félögin til senda unga fulltrúa á þing ASÍ fremur en að stuðla beinlínis að fækkun eldra fólks á þeim vettvangi.

Ástþór Jón Ragnheiðarson brást við málf lutningi Þórs sem hann sagði ágæta brýningu. Lagði Ástþór áherslu á fyrirbyggjandi drög væru ekki verk stjórnarinnar heldur hefðu þau verið unnin lýðræðislega á starfs- og tengsladögum með aðkomu fjölda ungs fólks.

Um leigumarkaðinn sagði Ástþór að hann hefði um skeið setið sem áheyrnarfulltrúi í miðstjórn Alþýðusambandsins. Treysti hann sér til að fullyrða að enginn félagi í miðstjórn væri á leigumarkaði. ASÍ-UNG ættu að styðja samtök leigjenda.

Um námsframboð á landsbyggðinni sagði Ástþór að frá Selfossi að Höfn í Hornafirði væri enginn framhaldsskóli. Eðlilegt væri að leggja áherslu á framhaldsnám ekki aðeins háskólanám.

Um fjölda félagsmanna og gjöld til ASÍ áréttaði Ástþór þá skoðun sína að skipting þingfulltrúa ætti að fara eftir fjölda félagsmanna. Bað hann þingheim að ímynda sér tvö jafnstór stéttarfélög þar sem láglaunafólk væri í öðru en betur stæðir í hinu. Samkvæmt núverandi kerfi fengju hinir tekjuhærri fleiri fulltrúa á þingi. Taldi Ástþór að ungliðar gætu ekki ýtt undir vægi hinna tekjuhærri.

Um aldurskvóta sagðist Ástþór í grundvallaratriðum vera sammála Þór Hinrikssyni. Hann minnti á að kynjakvóti hefði á sínum tíma verið nauðsynlegur til að rétt hlut kvenna. Hið sama þyrfti að gera hvað unga fólkið varðaði. Hann upplýsti að meðalaldur félaga í miðstjórn ASÍ væri nú 57 ár. Þörf væri á aldurskvóta á þingi Alþýðusambandsins.

Eftir þessi skoðanaskipti samþykkti þingið að fyrstu umræðu væri lokið.

Málefnnastarf:

Var nú gengið til málefnnastarfs. Þingfulltrúm var skipt í tvo hópa til að fjalla um stefnuskjalið. Annar hópurinn hélt kyrru fyrir í fundarsalnum en hinn kom sér fyrir í hliðarsal.

Niðurstaða hópavinnu:

Þorvarður Bergmann Kjartansson gerði grein fyrir umræðum í hópi 1.

Húsnæðismál voru efst á baugi. Rætt var að verðugt væri að styðja Leigjendasamtökin. Fjallað um hvort þau eigi að fá lagalegan rétt til a semja fyrir sína félaga. Sammála um að tryggja þyrfti betur rétt leigjenda. Rætt um að takmarka fjölda íbúða í tilvikum fjárfestinga einstaklinga.

Rædd var nauðsyn þess að brúa bil á milli þess er orlofi foreldra lýkur áður en sumarleyfum barna er lokið. Lengja megi orlof eða tryggja meiri frístundastuðning.

Í kjaramálum beindist athygli að launum ungs fólk. Rætt var hvort undir nokkrum kringumstæðum gæti talist ásættanlegt að ungt fólk fengi laun undir umsömdum lágmarkslaunum. Jafnframt var rætt hvort tryggja bæri foreldrum með fleiri börn en eitt aukinn veikindarétt. Á móti var bent á að þar með gæti staða viðkomandi versnað á vinnumarkaði þar eð þau þætt ekki eftirsóknarverður starfskraftur.

Þá ræddi hópurinn frelsi á skiptingu fæðingarorlofs. Hvort líta bæri sá að rétturinn væri barnsins til að vera með foreldrum sínum. Frjáls ráðstöfunarréttur foreldra gæti ýtt undir ójöfnuð.

Þór Hinriksson gerði grein fyrir umræðum í hópi 2.

Þar voru húsnæðismálin einnig efst á baugi. Rædd voru húsnæðismál og það óheppilega fyrirkomulag þegar atvinnurekandi er jafnframt leigusali. Kostir og gallar leigubremsu og leigubaks komu einnig til umræðu.

Á vettvangi fjölskyldu- og jafnréttismála var rætt orðalag greinar um rétt og tíma til fjölskyldulífs. Sá réttur yrði að vera óháður fjárhag viðkomandi.

Í menntamálum var bætt aðgengi að framhaldsnámi á landsbyggðinni til umfjöllunar. Ýmsar aðferðir voru ræddar til að auka það, bæði fjarnám og skólavist.

Hópurinn ræddi hvort fjölga bæri veikindadögum foreldra eða hvort tengja bæri þá fjölda barna. Vakin var athygli á mögulegum neikvæðum áhrif á stöðu viðkomandi á vinnumarkaði.

Um þróun ASI sagði Þór að fjöldi þingfulltrúa á þingi ASÍ og mögulegar útfærslur hefðu verið ræddar. Samstaða hefði verið innan hópsins um mikilvægi þess að halda uppi þrýstingi um aukinn hlut ungs fólks á þessum vettvangi og að sinna kröftugu grasrótarstarfi gagnvart ungu launafólki.

Breytingartillögur:

Fyrir aðra umræðu komu fram eftirfarandi breytingartillögur við stefnuskjalið og var afgreiðsla þeirra sú sem á eftir greinir.

Lögð var fram tillaga þess efnis að við kaflann um húsnæðismál yrði bætt við sjálfstæðri setningu þess efnis að herða beri reglur um uppsagnir leigusamninga.

Þessi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum en einn fulltrúi sat hjá.

Í kafla um húsnæðismál kom fram breytingartillaga um orðalag í eftirfarandi setningu um styrkingu vaxtabótakerfis:

„Vinna að styrkingu vaxtabótakerfisins, en kerfið hefur minnkað töluvert í umsvifum og staðan er sú að einungis sárafaír eiga rétt á slíkum bótum.“

Lagt var til að eftirfarandi kæmi í staðinn:

„Vinna að styrkingu vaxtabótakerfisins en kerfið hefur minnkað töluvert í umsvifum“.

Ástþór Jón fylgdi tillögunni eftir og sagði fyrra orðalag þar sem m.a. kæmi fyrir hugtakið „ sárafaír“ ekki eiga heima í stefnuskjali.

Þessi breytingartillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Í kafla um húsnæðismál kom fram sú tillaga að orðalagi yrði breytt þannig að í stað þess að vísað væri til „...samtaka leigjenda“ kæmi orðalagið „...fulltrúar leigjenda“.

Þór Hinriksson fylgdi tillögunni eftir og sagði að með breytingunni væri hugsunin sú að opna greinina.

Þessi tillaga var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Í fyrstu grein kafla um húsnæðismál þar sem villu var að finna í kafla um Blævi íbúðarfélag var lögð til sú breyting að eftirfarandi setning yrði felld út:

„Má þar nefna Bjarg sem er fyrir félagsmenn ASÍ og BSRB og hefur verið rekið frá árinu 2016 og Blær sem er nú í uppbyggingu og er í eigu VR.“

Þessa tillögu samþykkti þingheimur samhljóða og hljóðar fyrsta efnisgrein kaflans því nú svo:

„Styðja við áframhaldandi uppbyggingu húsnæðiskerfa sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni og þjóni og veiti öllum inngöngu inn á fasteignamarkað, sérstaklega tekjulágum.“

Í kafla um kjara- og menntamál var lögð fram sú tillaga að eftirfarandi setning yrði felld út :

„Veikindaréttur barns á að fara eftir fjölda barna á framfæri. Í dag er veikindaréttur barna sá sami á hvert foreldri, burt séð frá fjölda barna eða framfæranda.“

Í stað hennar kæmi eftirfarandi setning:

„Endurskoða veikindarétt með tilliti til barnafjölskyldna.“

Þessi tillaga var samþykkt með meirihluta atkvæða, tveir voru á móti og einn fulltrúi sat hjá.

Í kafla um fjölskyldu- og jafnréttismál kom fram tillaga um eftirfarandi viðbót:

„Brúa þarf bilið milli þess að orlof foreldra endar og þar til skóli byrjar aftur, hvort sem með lengra orlofi og/eða með því að niðurgreiða frístund að fullu í sumarfríi barna.“

Tillagan var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Loks var stefnuskjalið borið upp í heild með áorðnum breytingum og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Kosning stjórnar:

Fimm aðalmenn af níu voru kosnir til tveggja ára og þrír í varastjórn til eins árs.

Sjö gáfu kost á sér í kosningu til aðalstjórnar að því er fram kom í máli Ölmú Pálmadóttur, fulltrúa í kjörnefnd:

Ásdís Helga Jóhannsdóttir

Ástþór Jón Ragnheiðarson

Birgitta Ragnarsdóttir

Elsa Hrönn Grey Auðunsdóttir

Jennifer Schröder

Jón Unnar Viktorsson

Þorvarður Bergmann Kjartansson

Kjörseðlum var dreift, atkvæðum safnað í kassa og þau talin:

Niðurstaða:

21 hafði atkvæðisrétt

Ásdís Helga Jóhannsdóttir 20 atkvæði.

Ástþór Jón Ragnheiðarson 16 atkvæði.

Birgitta Ragnarsdóttir 16 atkvæði.

Þorvarður Bergmann Kjartansson 16 atkvæði.

Elsa Hrönn Grey Auðunsdóttir 13 atkvæði.

Jennifer Schröder 13 atkvæði.

Jón Unnar Viktorsson 11 atkvæði.

Kjósa þurfti á milli þeirra Elsu og Jennifer.

Elsa fékk 12 atkvæði og Jennifer níu.

Kosning til varastjórnar:

Í varastjórn til eins árs voru eftirfarandi í framboði:

Elín Ósk Sigurðardóttir

Inga Fanney Rúnarsdóttir – fjarverandi

Jennifer Schröder

Jón Unnar Viktorsson

Niðurstaða:

21 greiddi atkvæði.

Elín Ósk Sigurðardóttir 21 atkvæði.

Jennifer Schröder 16 atkvæði.

Inga Fanney Rúnarsdóttir 15 atkvæði.

Jón Unnar Viktorsson 11 atkvæði.

Skipan kjörnefndar:

Óskað var eftir fráviki frá samþykktum þannig að stjórn yrði heimilt að tilnefna þrjá fulltrúa í kjörnefnd. Þingið veitti samþykki sitt með öllum greiddum atkvæðum.

Önnur mál:

Enginn fulltrúi kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið.

Ástþór Jón vakti athygli á að hefð væri fyrir því eftir að þingi lyki héldi ný stjórn sinn fyrsta fund.

Dagskrá var nú tæmd og lauk Halldór Oddson lofsorði á vönduð og yfirveguð störf fulltrúa áður en hann sleit þinginu. Var klukkan þá gengin fimm mínútur í sex.